# Norðurþing

Ársreikningur

# 2020

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 640169-5599

# Norðurþing

## Ársreikningur

# 2020

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra | 2 |
| Áritun óháðra endurskoðenda | 3 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9 |
| Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar uppl. | 23 |

# Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Norðurþings er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 5.129 milljón króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 4.782 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 3.960 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.662 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 114 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 64 milljóna króna neikkvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 42 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 46 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 2.217 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af var eigið fé A hluta um 983 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 3.063 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 269 stöðugildum.

Covid-19 faraldurinn sem nú geisar hefur haft veruleg áhrif á sveitarfélagið á mörgum sviðum og ekki er ljóst hver endanleg áhrif faraldurins verða meðal annars vegna óvissu um hver lengi hann mun vara og hver áhrifin verða eftir að honum líkur. Nánar er fjallað um áhrif faraldursins á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins í skýringu 18

Íbúafjöldi Norðurþings í árslok 2020 var 3.030 og fækkað um 85 frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikningi.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2020 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Húsavík, 15. apríl 2021.

Sveitarstjóri:

Byggðarráð:

Sveitarstjórn Norðurþings staðfestir hér með ársreikning Norðurþings fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Húsavík, 2021.

**Sveitarstjórn:**

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2020 | Sveitarsjóður A hluti Áætlun | Sveitarsjóður A hluti 2019 | Samantekið A og B hluti 2020 | Samantekið A og B hluti Áætlun | Samantekið A og B hluti 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Skatttekjur | | 2.260.311 | 2.155.378 | 2.214.381 | 2.248.365 | 2.132.116 | 2.202.698 |
| Framlög jöfnunarsjóðs | | 722.635 | 618.038 | 557.573 | 722.635 | 618.038 | 557.573 |
| Aðrar tekjur | | 976.618 | 889.070 | 845.183 | 2.158.435 | 2.031.815 | 2.075.507 |
| | 3 | 3.959.565 | 3.662.486 | 3.617.137 | 5.129.436 | 4.781.969 | 4.835.779 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | (2.589.884) | (2.406.360) | (2.298.689) | (3.063.427) | (2.779.675) | (2.707.685) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (1.160.044) | (1.075.526) | (1.044.684) | (1.566.530) | (1.471.210) | (1.470.175) |
| | | (3.749.928) | (3.481.886) | (3.343.373) | (4.629.957) | (4.250.885) | (4.177.861) |
| **Rekstrarn. fyrir afskriftir** | | 209.637 | 180.600 | 273.764 | 499.479 | 531.084 | 657.919 |
| Afskriftir | 7 | (114.064) | (115.362) | (100.051) | (345.961) | (382.396) | (324.259) |
| **Rekstrarniðurst. án fjármuna-tekna og fjármagnsgjalda** | | 95.573 | 65.238 | 173.713 | 153.518 | 148.688 | 333.660 |
| Fjármunat. og fjármagnsgjöld | 5 | (137.509) | (111.586) | (112.553) | (285.124) | (209.654) | (183.890) |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir skatta** | | (41.937) | (46.348) | 61.160 | (131.606) | (60.966) | 149.769 |
| Tekjuskattur | | 0 | 0 | 0 | (526) | (14.672) | (14.203) |
| Hlutdeild minnihluta | | 0 | 0 | 0 | 18.449 | 12.082 | 16.251 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | (41.937) | (46.348) | 61.160 | (113.683) | (63.556) | 151.817 |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2020 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2019 | Samantekið A og B hluti 31.12.2020 | Samantekið A og B hluti 31.12.2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Fasteignir og lóðir | 7 | 3.320.319 | 3.214.364 | 3.994.875 | 3.920.137 |
| Veitukerfi og hafnarmannvirki | 7 | 0 | 0 | 2.424.298 | 2.516.587 |
| Aðrar eignir | 7 | 708.307 | 691.743 | 748.589 | 730.968 |
| Leigðar eignir | 7 | 25.060 | 25.825 | 25.060 | 25.825 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 8 | 365.343 | 358.789 | 355.570 | 342.337 |
| Reiknuð skattinneign | | 0 | 0 | 65.980 | 66.506 |
| Langtímakröfur | 9 | 253.567 | 252.370 | 7.308 | 11.197 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 21 | 220.680 | 229.864 | 220.680 | 229.864 |
| | | 4.893.275 | 4.772.954 | 7.842.359 | 7.843.422 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Birgðir | | 0 | 0 | 1.079 | 1.428 |
| Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur | 11 | 475.236 | 433.302 | 519.759 | 477.385 |
| Næsta árs- og gjaldf. afb af langtímakröfum | 9 | 2.995 | 2.781 | 1.287 | 1.759 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 67.139 | 55.534 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 35.347 | 56.626 | 48.148 | 91.713 |
| Markaðsverðbréf | | 0 | 0 | 248.147 | 242.877 |
| Handbært fé | | 354.495 | 276.560 | 789.646 | 580.216 |
| | | 935.213 | 824.803 | 1.608.066 | 1.395.379 |
| **Eignir** | | 5.828.487 | 5.597.757 | 9.450.425 | 9.238.800 |

# 31. desember 2020

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2020 | Sveitarsjóður A hluti 31.12.2019 | Samantekið A og B hluti 31.12.2020 | Samantekið A og B hluti 31.12.2019 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 12 | | | | |
| Eiginfjárreikningur | | 983.182 | 902.470 | 2.250.246 | 2.238.117 |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé | | 0 | 0 | (33.191) | (25.257) |
| Eigið fé | | 983.182 | 902.470 | 2.217.055 | 2.212.860 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 13 | 2.100.180 | 2.007.078 | 2.178.276 | 2.081.958 |
| Skuldir við lánastofnanir | 14 | 1.992.681 | 1.845.197 | 2.872.896 | 2.735.390 |
| Aðrar langtímaskuldir | 14 | 0 | 0 | 1.195.222 | 1.170.528 |
| Leiguskuldir | 15 | 6.467 | 10.760 | 6.467 | 10.760 |
| | | 4.099.327 | 3.863.035 | 6.252.861 | 5.998.636 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 111.299 | 155.046 | 163.579 | 189.057 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 0 | 13.957 | 0 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 20.815 | 112.907 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 176.241 | 200.207 | 236.948 | 329.167 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 15 | 4.669 | 4.224 | 4.669 | 4.224 |
| Næsta árs afb lífeyrisskuldbinding | 13 | 117.759 | 77.511 | 125.467 | 85.738 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 315.196 | 282.358 | 435.888 | 419.118 |
| | | 745.978 | 832.252 | 980.509 | 1.027.304 |
| Skuldir | | 4.845.305 | 4.695.287 | 7.233.370 | 7.025.940 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 5.828.487 | 5.597.757 | 9.450.425 | 9.238.800 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

| | | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | 2020 | Áætlun | 2019 | 2020 | Áætlun | 2019 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins ........................ | | (41.937) | (46.348) | 61.160 | (113.683) | (63.556) | 151.817 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Afskriftir og virðisrýrnun ........................ | 7 | 114.064 | 115.362 | 100.051 | 345.961 | 382.396 | 324.259 |
| Hagnaður af sölu eigna ........................... | | (23.148) | (42.000) | (3.768) | (77.062) | (84.125) | (48.701) |
| Niðurf. eignarhl. í öðrum félögum ........ | | 720 | 0 | 6.248 | 11.840 | 0 | 2.775 |
| Verðb. og gengism. langtímaliða ........... | | 73.656 | 49.916 | 40.335 | 163.462 | 100.279 | 86.964 |
| Hlutdeild minnihluta ................................ | | 0 | 0 | 0 | (18.449) | (12.082) | (16.251) |
| Skatteign, breyting .................................... | | 0 | 0 | 0 | 526 | 0 | (97) |
| Hækkun skuldbindinga ............................ | | 249.936 | 260.273 | 171.204 | 259.885 | 260.273 | 174.064 |
| **Veltufé frá rekstri** | | 373.292 | 337.203 | 375.230 | 572.480 | 583.186 | 674.831 |
| Br. á rekstrartengdum eignum ............... | | (20.655) | 0 | (36.414) | 1.287 | 0 | (32.404) |
| Br. á rekstrartengdum skuldum ............. | | (22.997) | (150.000) | 14.900 | (57.163) | (179.903) | 7.976 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga ......... | | (107.401) | (97.335) | (94.076) | (114.655) | (97.335) | (100.912) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 222.239 | 89.868 | 259.640 | 401.950 | 305.948 | 549.490 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm. ................... | | (127.422) | (212.000) | (486.328) | (273.133) | (487.000) | (662.800) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna .......... | | 37.400 | 136.000 | 4.500 | 125.585 | 227.000 | 35.399 |
| Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum ......... | | (7.274) | 0 | 0 | (25.073) | 0 | (159) |
| Langtímakröfur, breyting ........................ | | 4.711 | 2.824 | 1.772 | 5.383 | 1.746 | 1.423 |
| | | (92.585) | (73.176) | (480.056) | (167.237) | (258.254) | (626.136) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán ............................... | | 258.000 | 400.000 | 100.000 | 370.000 | 590.000 | 100.000 |
| Afborganir langtímalána .......................... | | (218.109) | (217.913) | (168.047) | (418.966) | (387.930) | (266.727) |
| Innborganir frá eignaraðilum ................. | | 0 | 0 | 0 | 7.667 | 0 | 9.835 |
| Skammtímalán, breyting .......................... | | 0 | 0 | 0 | 3.928 | 0 | 8.108 |
| Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting ............ | | (103.698) | (84.468) | 154.068 | 0 | 0 | 0 |
| Fyrirfram innh. tekjur breyting .............. | | 12.089 | 0 | 6.000 | 12.089 | 6.000 | 6.000 |
| | | (51.719) | 97.620 | 92.021 | (25.282) | 208.070 | (142.784) |
| (Lækkun)/hækkun handb. fjár ............... | | 77.935 | 114.312 | (128.395) | 209.430 | 255.764 | (219.429) |
| Handbært fé í upphafi árs ....................... | | 276.560 | 259.843 | 404.955 | 580.216 | 590.522 | 799.647 |
| Handbært fé í lok árs ............................... | | 354.495 | 374.155 | 276.560 | 789.646 | 846.286 | 580.216 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxafjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í lok árs 2020 voru íbúar sveitarfélagsins 3.030.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Félagslegar íbúðir, Hafnasjóður, Orkuveita Húsavíkur ohf., Dvalarheimili aldraðra sf., Leigufélagið Hvammur ehf. og Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2020 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 19 í ársreikningnum.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignasjóði hafa verið endurmetnar.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitasjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðsvöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitasjóðs og B hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur hjá Eignasjóði eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

### Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2020. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2020 | Fjárhags-áætlun 2020 | 2020 | Fjárhags-áætlun 2020 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 1.834.233 | 1.723.073 | 1.834.233 | 1.798.637 |
| Fasteignaskattur og lóðarleiga | 426.078 | 432.305 | 414.132 | 333.479 |
| | 2.260.311 | 2.155.378 | 2.248.365 | 2.132.116 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Framlag vegna fasteignagjalda | 190.147 | 204.292 | 190.147 | 204.292 |
| Útgjaldajöfnunarframlag | 414.108 | 331.676 | 414.108 | 331.676 |
| Framlög vegna grunnskóla | 54.157 | 54.470 | 54.157 | 54.470 |
| Framlög vegna fjárhagserfiðleika | 37.078 | 0 | 37.078 | |
| Önnur framlög | 27.146 | 27.600 | 27.146 | 27.600 |
| | 722.635 | 618.038 | 722.635 | 618.038 |
| Aðrar tekjur | 976.618 | 889.070 | 2.158.435 | 2.031.815 |
| Rekstrartekjur samtals | 3.959.565 | 3.662.486 | 5.129.436 | 4.781.969 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 14,520% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,500% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði | 1,600% |

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2020 | Fjárhags-áætlun 2020 | 2020 | Fjárhags-áætlun 2020 |
| Laun | 1.905.318 | 1.784.116 | 2.282.148 | 2.068.612 |
| Launatengd gjöld | 434.630 | 402.047 | 521.394 | 484.217 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 240.751 | 220.197 | 250.701 | 226.846 |
| Framlag vegna Brú lífeyrissjóður | 9.185 | 0 | 9.185 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 2.589.884 | 2.406.360 | 3.063.427 | 2.779.675 |
| Stöðugildi að meðaltali 2020 | 231 | | 269 | |

Laun sveitastjórnar og sveitastjóra námu 53,4 milljónum króna á árinu 2020.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2020 | Fjárhags-áætlun 2020 | 2020 | Fjárhags-áætlun 2020 |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 7.097 | 175.001 | 12.922 | 191.537 |
| Arður af eignarhlutum | 728 | 7.734 | 728 | 7.734 |
| Aðrar vaxtatekjur | 2.972 | 826 | 0 | 826 |
| Vaxtagjöld | (69.900) | (198.246) | (114.015) | (265.761) |
| Verðbætur og gengismunur | (77.686) | (96.901) | (158.195) | (143.990) |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | (720) | 0 | (11.564) | 0 |
| | (137.509) | (111.586) | (285.124) | (209.654) |

## 6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | 3.037.601 | 3.037.601 | 2.816.913 |
| Félagsþjónusta | 718.424 | 470.652 | (247.773) | (258.324) |
| Fræðslumál | 1.431.193 | 112.308 | (1.318.885) | (1.220.598) |
| Menningarmál | 71.934 | 2.927 | (69.007) | (68.363) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 375.208 | 53.174 | (322.034) | (322.289) |
| Brunamál og almannavarnir | 114.465 | 37.246 | (77.219) | (75.624) |
| Hreinlætismál | 95.394 | 66.181 | (29.213) | (11.249) |
| Skipulags- og byggingarmál | 56.542 | 5.662 | (50.880) | (55.947) |
| Samgöngumál | 185.586 | 3.821 | (181.765) | (154.426) |
| Umhverfismál | 88.568 | 3.679 | (84.888) | (95.458) |
| Atvinnumál | 72.148 | 12.906 | (59.242) | (53.852) |
| Sameiginlegur kostnaður | 358.729 | 55.985 | (302.744) | (304.868) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 249.936 | 0 | (249.936) | (220.197) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 111.907 | 176.273 | 64.366 | 77.357 |
| Aðalsjóður samtals | 3.930.032 | 4.038.415 | 108.383 | 53.075 |
| **A-hluta stofnanir:** | | | | |
| Eignasjóður | 495.998 | 428.416 | (67.582) | (14.969) |
| Þjónustumiðstöð | 180.869 | 98.132 | (82.738) | (84.454) |
| Innri færslur A hluta | (429.125) | (429.125) | 0 | 0 |
| A hluti samtals | 4.177.775 | 4.135.838 | (41.937) | (46.348) |

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **B-hluta fyrirtæki:** | | | | |
| Félagslegar íbúðir | 55.428 | 62.478 | 7.050 | 13.045 |
| Hafnasjóður Norðurþings | 268.129 | 147.771 | (120.358) | (108.213) |
| Orkuveita Húsavíkur ohf | 375.544 | 431.225 | 55.680 | 58.688 |
| Fjárfestingafélag Norðurþings ehf | 293 | 0 | (293) | 0 |
| Leigufélagið Hvammur ehf | 41.123 | 72.016 | 30.894 | 5.161 |
| Dvalarheimili aldraðra sf | 642.828 | 555.280 | (87.548) | (37.821) |
| Innri færslur A og B hluta | (141.727) | (98.898) | 42.829 | 51.932 |
| A og B hluti samtals | 5.419.393 | 5.305.709 | (113.683) | (63.556) |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### A hluti

| | Fasteignir og lóðir | Veitukerfi og hafnir | Aðrar eignir | Leigðar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 4.290.818 | 0 | 1.076.525 | 33.413 | 5.400.755 |
| Endurmat á lóðum og lendum | 122.649 | 0 | 0 | 0 | 122.649 |
| Eignfært á árinu | 77.499 | 0 | 49.922 | 0 | 127.422 |
| Selt og aflagt á árinu | (22.116) | 0 | (1.353) | 0 | (23.469) |
| Staða í árslok | 4.468.850 | 0 | 1.125.094 | 33.413 | 5.627.356 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 1.076.454 | 0 | 384.782 | 7.587 | 1.468.823 |
| Afskrift ársins | 80.063 | 0 | 33.236 | 766 | 114.064 |
| Selt og aflagt á árinu | (7.986) | 0 | (1.231) | 0 | (9.217) |
| Staða í árslok | 1.148.531 | 0 | 416.786 | 8.353 | 1.573.671 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 3.214.364 | 0 | 691.743 | 25.825 | 3.931.932 |
| Bókfært verð í árslok | 3.320.319 | 0 | 708.307 | 25.060 | 4.053.686 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5-4% | 1-10% | 10-20% | 2,5% | |

### A og B hluti

| | Fasteignir og lóðir | Veitukerfi, og hafnir | Aðrar eignir | Leigðar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 5.763.814 | 6.133.122 | 1.188.111 | 33.413 | 13.118.461 |
| Endurmat á lóðum og lendum | 122.649 | 0 | 0 | 0 | 122.649 |
| Eignfært á árinu | 113.189 | 103.451 | 56.493 | 0 | 273.133 |
| Selt og aflagt á árinu | (63.845) | 0 | (1.353) | 0 | (65.198) |
| Staða í árslok | 5.935.808 | 6.236.574 | 1.243.251 | 33.413 | 13.449.045 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 1.843.678 | 3.616.535 | 457.143 | 7.587 | 5.924.944 |
| Afskrift ársins | 110.704 | 195.740 | 38.751 | 766 | 345.961 |
| Selt og aflagt á árinu | (13.449) | 0 | (1.231) | 0 | (14.680) |
| Staða í árslok | 1.940.933 | 3.812.276 | 494.663 | 8.353 | 6.256.224 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 3.920.137 | 2.516.587 | 730.968 | 25.825 | 7.193.517 |
| Bókfært verð í árslok | 3.994.875 | 2.424.298 | 748.589 | 25.060 | 7.192.821 |
| Afskriftarhlutföll | 2-6% | 1-10% | 10-20% | 2,5% | 0 |

Afskriftir ársins greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 114.064 | 345.961 |
| | 114.064 | 345.961 |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og brunabótamat fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

| **A hluti** | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat |
|---|---|---|
| Skólahúsnæði | 1.027.053 | 4.127.560 |
| Íþróttahús og sundlaugar | 422.621 | 1.530.750 |
| Þjónustuhúsnæði | 444.984 | 774.740 |
| Aðrar fasteignir | 1.851.422 | 7.577.425 |
| Lóðir og lendur | 289.060 | 6.910 |
| | 4.035.140 | 14.017.385 |

| **B hluti** | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat |
|---|---|---|
| Félagslegar íbúðir | 663.875 | 1.213.000 |
| Orkuveita Húsavíkur | 165.250 | 457.498 |
| Dvalarheimili aldraðra | 887.720 | 2.431.450 |
| Leigufélagið Hvammur | 172.900 | 232.200 |
| Aðrar fasteignir B hluta | 38.955 | 174.970 |
| | 1.928.700 | 4.509.118 |
| Samtals A og B hluti | 5.963.840 | 18.526.503 |

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Stjórnsýsluhús | 72.434 |
| Skólar | 316.737 |
| Íþróttahöll og sundlaug | 46.926 |
| Félagsheimili | 18.599 |
| Sambýli | 15.387 |
| Þjónustumiðstöð | 93.542 |
| Slökkvistöð | 16.995 |
| Hafnasjóður | 11.076 |
| Orkuveita Húsavíkur | 375.578 |
| | 967.274 |

## 8. Eignarhlutir í öðrum félögum

| | Eignarhlutur | Kostnaðarverð A hluti | Kostnaðarverð A og B hluti |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | | |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. | 47,20% | 7.936 | 7.936 |
| Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf. | 15,44% | 0 | 325 |
| Greið leið ehf. | 3,95% | 0 | 13.635 |
| Íslensk orka hf. | 31,45% | 0 | 45.043 |
| Hrafnabjargavirkjun hf. | 48,75% | 0 | 20.942 |
| Hitaveita Öxafjarðar hf. | 52,14% | 0 | 46.961 |
| Rifós hf. | 0,00% | 0 | 495 |
| Seljalax hf. | 26,08% | 0 | 11.028 |
| Fjallalamb hf. | 15,35% | 0 | 23.105 |
| Landskerfi bókasafna ehf. | 13,00% | 94 | 94 |
| Silfurstjarnan hf. | 0,00% | 0 | 1.338 |
| Síldarvinnslan hf. | 0,00% | 0 | 112 |
| Orkuveita Húsavíkur ehf. | 100,00% | 85.349 | 0 |
| Fjárfestingafélag Norðurþings | 100,00% | 105.628 | 0 |
| Leigufélag Hvamms ehf. | 76,29% | 102.621 | 0 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 2,22% | 196.845 | 196.845 |
| Skúlagarður-fasteignafélag ehf. | 49,80% | 30.281 | 30.281 |
| Sjóböð ehf. | 13,79% | 0 | 36.876 |
| Mýsköpun ehf. | 5,00% | 0 | 500 |
| Verslunarhúsið á Kópaskeri ehf. | 7,77% | 800 | 800 |
| Sparisjóður Suður-Þingeyinga | 2,80% | 0 | 5.159 |
| | | 529.555 | 441.474 |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | | (164.212) | (85.903) |
| | | 365.343 | 355.570 |

## 9. Langtímakröfur

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 2.995 | 1.287 |
| Afborganir 2022 | 3.117 | 1.287 |
| Afborganir 2023 | 3.244 | 1.287 |
| Afborganir 2024 | 3.376 | 1.287 |
| Afborganir 2025 | 3.514 | 1.287 |
| Afborganir síðar | 240.316 | 2.158 |
| | 256.562 | 8.595 |
| Næsta árs afborganir | (2.995) | (1.287) |
| | 253.567 | 7.308 |

## 10. Tekjuskattsinneign

| Reiknuð tekjuskattsinneign skiptist þannig: | A og B hluti |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 47.299 |
| Lífeyrisskuldbinding | 17.161 |
| Viðskiptakröfur | 1.311 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 222 |
| Aðrir liðir | (13) |
| | 65.980 |

# Skýringar

## 11. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2020 | 31.12.2019 | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
| Staða í ársbyrjun | 46.152 | 37.559 | 55.302 | 43.759 |
| Breyting niðurfærslu á árinu | 4.102 | 8.593 | 4.408 | 11.543 |
| Staða í árslok | 50.254 | 46.152 | 59.710 | 55.302 |

## 12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2020 | 902.470 | 2.212.860 |
| Endurmat lóða og lendna | 122.649 | 122.649 |
| Aðrar breytingar | 0 | (4.771) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (41.937) | (113.683) |
| Eigið fé 31.12.2020 | 983.182 | 2.217.055 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar námu skuldbindingar A hluta 2.218 millj. kr. og A og B hluta 2.304 millj. kr. í árslok 2020 miðað við 2,0% ársvexti umfram hækkanir á lífeyrisréttindum. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1.1.2020 | 2.084.588 | 2.167.696 |
| Greitt á árinu | (107.401) | (114.655) |
| Gjaldfært á árinu | 240.751 | 250.701 |
| Lífeyrisskuldbinding 31.12.2020 | 2.217.939 | 2.303.743 |

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árin 2021 - 2035 | 1.458.451 | 1.398.725 |
| Síðar | 759.488 | 905.018 |
| | 2.217.939 | 2.303.743 |

## 14. Langtímaskuldir

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2020 | 31.12.2019 | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
| Skuldir í CHF | 23.366 | 27.079 | 23.366 | 27.079 |
| Skuldir í EUR | 0 | 46.311 | 0 | 136.210 |
| Skuldir í JPY | 9.638 | 11.649 | 9.638 | 11.649 |
| Skuldir í ISK | 2.135.918 | 1.960.365 | 4.272.063 | 4.060.147 |
| | 2.168.922 | 2.045.404 | 4.305.066 | 4.235.085 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (176.241) | (200.207) | (236.948) | (329.167) |
| Langtímaskuldir í árslok | 1.992.681 | 1.845.197 | 4.068.118 | 3.905.918 |

## 14. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 176.241 | 236.948 |
| Afborganir 2022 | 159.315 | 209.105 |
| Afborganir 2023 | 151.618 | 200.819 |
| Afborganir 2024 | 147.908 | 196.973 |
| Afborganir 2025 | 151.160 | 200.452 |
| Afborganir síðar | 1.382.680 | 3.260.769 |
| | 2.168.922 | 4.305.066 |

## 15. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert leigusamning um fasteign sem færður er til skuldar. Leigusamningurinn er tengdur vísitölu neysluverðs og greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun | 11.136 |
| Næsta árs afborgun | (4.669) |
| Langtímahluti leiguskuldar | 6.467 |

Aðrar upplýsingar um leigusamning:

| | Leigutími | Afvöxtunar-stuðull | Ónúvirt leigufjárhæð |
|---|---|---|---|
| Leikskóli Iðavöllum 1, leikskólaeiningar | 2010-2023 | 4,7% | 12.917 |
| | | | 12.917 |

## 16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður | 100% | 5.870.607 | 3.840.260 | 2.030.347 |
| Eignasjóður | 100% | 4.004.872 | 4.711.109 | (706.237) |
| Þjónustumiðstöð | 100% | 48.813 | 389.741 | (340.928) |
| Innri færslur A hluta | 100% | (4.095.805) | (4.095.805) | 0 |
| A hluti samtals | | 5.828.487 | 4.845.305 | 983.182 |
| Fjárfestingafélag Norðurþings | 100% | 55.074 | 0 | 55.074 |
| Félagslegar íbúðir | 100% | 160.750 | 405.436 | (244.686) |
| Hafnasjóður | 100% | 1.203.477 | 1.756.536 | (553.059) |
| Orkuveita Húsavíkur | 100% | 2.210.405 | 144.643 | 2.065.763 |
| Leigufélag Hvamms ehf. | 76,3% | 94.605 | 119.935 | (25.330) |
| Dvalarheimili aldraðra sf. | 70,6% | 303.774 | 364.400 | (60.626) |
| Innri færslur A og B hluta | | (562.271) | (592.200) | 29.928 |
| Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok | | 9.294.302 | 7.044.055 | 2.250.246 |
| Hlutdeild minnihlutaeigenda | | 156.123 | 189.314 | (33.191) |
| Heildarstaða eigna og skulda í árslok | | 9.450.425 | 7.233.370 | 2.217.055 |

## 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 18. Áhrif Covid-19

Covid-19 faraldurinn, sem barst hingað til lands í upphafi árs 2020, hefur haft þó nokkur áhrif á sveitarfélagið á mörgum sviðum. Efnahagslegar afleiðingar hans m.a. vegna útgöngu- og samkomubanns hjá fjölda ríkja heims sem og miklum ferðatakmörkunum, þar á meðal á Íslandi, hafa verið verulegar. Ekki er ljóst hver endanleg áhrif hans verða m.a. vegna óvissu um hve lengi hann muni vara. Áhrif faraldursins á sveitarfélagið hafa komið fram í samdrætti tekna þess þ.m.t. útsvarstekna en áhrifin hafa þó verið langmest á tekjustreymi Hafnasjóðs Norðurþings vegna minni umferðar ferðamanna um Húsavíkurhöfn sem og tímabundinnar rekstrarstöðvunar kísilvers PCC við Bakka. Jafnframt því að tekjur hafa dregist saman, hafa útgjöld aukist á ýmsum rekstrarliðum s.s. launaliðum. Það er ljóst að áhrifa faraldursins mun gæta áfram á árinu 2021, en það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að greiðsluhæfi þess sé ekki skert þrátt fyrir þetta.

## 19. Yfirlit um lykiltölur

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | 2020 | Fjárhags- áætlun 2020 | 2020 | Fjárhags- áætlun 2020 |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | |
| Skatttekjur | 57,1% | 58,9% | 43,8% | 44,6% |
| Framlög jöfnunarsjóðs | 18,3% | 16,9% | 14,1% | 12,9% |
| Aðrar tekjur | 24,7% | 24,3% | 42,1% | 42,5% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Laun og launatengd gjöld | 65,4% | 65,7% | 59,7% | 58,1% |
| Laun og launat. gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga | 59,3% | 59,7% | 54,8% | 53,4% |
| Annar rekstrarkostnaður | 29,3% | 29,4% | 30,5% | 30,8% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 3,5% | 3,0% | 5,6% | 4,4% |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | 98,2% | 98,1% | 95,8% | 93,3% |
| Rekstrarniðurstaða | -1,1% | -1,3% | -2,2% | -1,3% |
| **Í þúsundum króna á íbúa:** | | | | |
| Rekstur: | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 984 | 915 | 981 | 908 |
| Aðrar tekjur | 322 | 293 | 712 | 671 |
| Rekstrartekjur samtals | 1.307 | 1.209 | 1.693 | 1.578 |
| Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar | 1.321 | 1.224 | 1.736 | 1.603 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (14) | (15) | (44) | (25) |

# Skýringar

## 19. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| **Efnahagur:** | Árið 2020 | Árið 2019 | Árið 2020 | Árið 2019 |
| Eignir | 1.924 | 1.797 | 3.119 | 2.966 |
| Eigið fé | 324 | 290 | 732 | 710 |
| Skuldir og skuldbindingar | 1.599 | 1.507 | 2.387 | 2.256 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 1,25 | 0,99 | 1,64 | 1,36 |
| Eiginfjárhlutfall | 17% | 16% | 23,46% | 24% |
| Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum | 122% | 130% | 141% | 145% |
| Skuldahlutafall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarf. | 77% | 80% | 95% | 96% |

**Breyting á íbúafjölda**

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Íbúafjöldi í árslok | 3.030 | 3.115 |

| **Tekjur** | 2020 | Hlutfall af heildartekjum | 2019 | Hlutfall af heildartekjum | 2018 | Hlutfall af heildartekjum |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Útsvör | 1.834.233 | 35,8% | 1.831.655 | 37,9% | 1.816.305 | 38,5% |
| Fasteignaskattur | 414.132 | 8,1% | 371.043 | 7,7% | 316.475 | 6,7% |
| Framlag úr Jöfnunarsj. sveitarf. | 722.635 | 14,1% | 557.573 | 11,5% | 653.204 | 13,8% |
| Skatttekjur | 2.971.001 | 57,9% | 2.760.272 | 57,1% | 2.785.983 | 59,0% |
| Aðrar tekjur | 2.158.435 | 42,1% | 2.075.507 | 42,9% | 1.934.791 | 41,0% |
| Heildartekjur samtals | 5.129.436 | 100,0% | 4.835.779 | 100,0% | 4.720.774 | 100,0% |
| **Gjöld** | | | | | | |
| Launaliðir | 3.063.427 | 59,7% | 2.707.685 | 56,0% | 2.379.632 | 50,4% |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.566.530 | 30,5% | 1.470.175 | 30,4% | 1.336.833 | 28,3% |
| Afskriftir | 345.961 | 6,7% | 324.259 | 6,7% | 319.945 | 6,8% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 285.124 | 5,6% | 183.890 | 3,8% | 229.774 | 4,9% |
| Hlutdeild minnihluta | (18.449) | -0,4% | (16.251) | -0,3% | (7.999) | -0,2% |
| Skattar | 526 | 0,0% | 14.203 | 0,3% | 5.816 | 0,1% |
| | 5.243.120 | 102,2% | 4.683.962 | 96,9% | 4.264.001 | 90,3% |
| Rekstrarniðurstaða | (113.683) | -2,2% | 151.817 | 3,1% | 456.774 | 9,7% |

# Skýringar

## 19. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

| Í þúsundum króna á íbúa | 2020 | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi | 3.030 | 3.115 | 3.043 |
| Heildartekjur | 1.693 | 1.552 | 1.551 |
| Skatttekjur á íbúa | 981 | 886 | 916 |
| Launaliðir | 1.011 | 869 | 782 |
| Annar kostnaður og afskriftir | 631 | 576 | 544 |
| Fjármagnsliðir, nettó | 94 | 59 | 76 |

## 20. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sem birt er í rekstrarreikningi, sjóðstreymi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins er samkvæmt endanlegri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins með viðaukum. Fjárhagsáætlunin er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins. Gerðir voru formlegir viðaukar vegna ársins 2020 og greinast þeir sem hér segir:

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur | 2.113.213 | 42.165 | 2.155.378 | 2.089.952 | 42.165 | 2.132.116 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 618.038 | 0 | 618.038 | 618.038 | 0 | 618.038 |
| Aðrar tekjur | 803.011 | 86.059 | 889.070 | 2.019.336 | 12.479 | 2.031.815 |
| | 3.534.262 | 128.224 | 3.662.486 | 4.727.325 | 54.644 | 4.781.969 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 2.240.352 | 166.008 | 2.406.360 | 2.634.667 | 145.008 | 2.779.675 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.038.140 | 37.386 | 1.075.526 | 1.433.824 | 37.386 | 1.471.210 |
| Afskriftir | 115.362 | 0 | 115.362 | 382.396 | 0 | 382.396 |
| | 3.393.854 | 203.394 | 3.597.248 | 4.450.887 | 182.394 | 4.633.281 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | 140.408 | (75.170) | 65.238 | 276.438 | (127.750) | 148.688 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (111.586) | 0 | (111.586) | (209.654) | 0 | (209.654) |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu | 0 | 0 | 0 | 12.082 | 0 | 12.082 |
| Tekjuskattur | 0 | 0 | 0 | (14.672) | 0 | (14.672) |
| Rekstrarniðurstaða | 28.822 | (75.170) | (46.348) | 64.194 | (127.750) | (63.556) |

## 21. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings og önnur mál

Norðurþing er í ábyrgð fyrir öllum lífeyrisskuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurþings greiða ýmsar stofnanir og félög á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Heildar áfallnar skuldbindingar sjóðsins umfram eignir námu um 2.745 milljón króna í árslok 2020 samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt.

**Samkomulag við Brú lífeyrissjóð**

Þann 19. september 2016 var gert samkomulag milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (Brú) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Í byrjun árs 2018 samþykkti sveitarstjórn Norðurþings samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu Brúar þann 31. maí 2017.

Í heild nam uppgörið við Brú 361,4 milljónum króna og var það fjármagnað með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga og greitt í febrúar 2018. Um er að ræða framlag í jafnvægissjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Gjaldfærsla vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinist þannig á árinu 2020:

| | Lífeyirsauka-sjóður | Varúðar-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stað fyrirframgreiðslu 31.12.2020 | 216.817 | 22.232 | 239.049 |
| Gjalfærsla ársins 2020 | (7.908) | (1.276) | (9.185) |
| Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2020 | 208.909 | 20.956 | 229.864 |

Fyrirframgreiðslan greinist þannig 31.12.2020:

| | Lífeyirsauka-sjóður | Varúðar-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Gjaldf. næsta árs færð meðal veltufjármuna | 7.908 | 1.276 | 9.185 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 201.000 | 19.679 | 220.680 |
| Samtals eignfært í efnhagsreikningi | 208.909 | 20.956 | 229.864 |

# Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

## Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnahætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings nr. 170 frá 11. febrúar 2016 ásamt samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings frá 23. maí 2018. Sveitarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Norðurþing hefur gefið út skuldabréf sem skráð eru í kauphöll og hlýtir því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga sem Kauphöll Íslands gefur út.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar. Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um bókhald og ársreikninga sem og settar reikningsskilareglur hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnum.

Í 2. tölulið 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem sveitarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er sveitarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í sveitarstjórn eru nú 9 fulltrúar, 4 karlar og 5 konur, með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett sér siðareglur, dagsettar 19. júní 2018, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

## Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi siðareglur dagsettar 19. júní 2018 sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og/eða starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.